

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 26. október 2023.

Umsögn þingsályktun samgönguáætlun 2024-2028 mál 315, 154. löggejcfarþing

Vestfjarðastofa vinnur þessa umsögn fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Fjórðungssamband Vestfirðinga og Vestfjarðastofa hafa á síðustu árum unnið margþætt gögn er varða samgöngumál á Vestfjörðum, þar má telja Jarðgangaáætlun Vestfjarða, samfélagsgreining á áhrifum jarðganga og viðhorfskannanir um samgöngumál (og fiskeldi).

Þessi gögn voru lögð til grundvallar í þátttöku samráðs Grænbókar og Hvítbókar samgönguáætlun með aðild að fundum innviðaráðuneytis og gerð umsagna, einnig var gerð umsögn um drög að samgönguáætlun sem lögð var í Samráðsgátt í júní s.l.. Þessi gögn er að finna í viðauka með þessari umsögn.

Slíkt samráð er nauðsyn fyrir jafn mikilvægan málaflokk, en það eru vonbrigði að við framlagningu samgönguáætlunar að ekki sé gerð nánar grein fyrir hvernig unnið er úr samráði. Fyrir umsagnaraðila er það nauðsynlegt til að sjá hvernig tekið er á einstaka þáttum og hvernig það leiði til niðurstöðu sem lögð er fram í þingsályktuninni. Tiltaka má hér dæmi umfjöllun um vetrarþjónustu sem er lykilþáttur í að efla samfélög og atvinnulíf á Vestfjörðum, en er að litlu leiti svarað í öllum ferlinum.

Umsögnin byggir að öðru leyti á ályktunum 68. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti, sem haldið var þann 6. og 7. október s.l., auk hluta umsagnar um frumvarp til fjárlaga 2024.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðapróunar

Ályktun – Samgöngur út frá ímynd Vesfjarða, síðan Ályktun um jarðgöng á Vesfjörðum

Ályktun - Samgöngur út frá ímynd Vestfjarða.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið í Bolungarvík 6. og 7. október 2023 bendir á að markmið stjórnvalda í samgöngumálum eru jákvæð en verulega vantfjármögnuð. Þingið beinir því til yfirvalda samgöngumála að skoðaðar verði nýjar fjármögnunarleiðir til að jafna samkeppnisstöðu Vestfjarða í samgöngumálum.

Fjórðungsþing beinir því til stjórnvalda að auka þegar á árinu 2023 fjármagn til vetrarþjónustu og viðhalds vega á Vestfjörðum til að bæta ásýnd Vestfjarða til búsetu, fjárfestinga og heimsóknna.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti er hlynnt gjaldtöku nýrra samgönguframkvæmda verði það til þess að hægt verði að flýta framkvæmdum á Vestfjörðum.

Greinargerð

Þrátt fyrir verulegar vegaf framkvæmdir víða á Vestfjörðum síðustu ár eru enn slæmir kaflar sem gera að verkum að samkeppnisstaða Vestfjarða til atvinnustarfsemi, ferðaþjónustu og búsetu bíður skaða af. Því er brýnt að stjórnvöld tryggja viðbótarfjármögnun til framkvæmda, vetrarþjónustu og viðhalds vega á Vestfjörðum.

Fjármagn

Lýst er vonbrigðum með að fjármagn til framkvæmdaáætlunar næstu fimm ára í tengslum við samgönguáætlun felur í sér að framkvæmdatími verkefna sem hafin eru mun dragast um tvö til þrjú ár miðað við gildandi framkvæmdaáætlun. Lýst er áhyggjum af áhrifum þessa fjárhagsramma áætlunarinnar á byggingu brúa sem eru dýrustu áfangar endurbóta á Vestfjarðavegi 60 um Gufudalssveit, að þeim verði frestað enn frekar. Gerð er krafa um að fjármagn verði hér aukið þannig að framkvæmd verði lokið eigi síðar en sumarið 2026.

Einnig að er lýst vonbrigðum með nýframkvæmdir sem eru á áætlunartímabilinu 2025-2028 í gildandi samgönguáætlun er frestað um fimm ár.

Fjármagn til jarðgangaáætlunar er sett fram til 30 ára en fjármögnun er einungis tilgreind til ársins 2038 og veldur það óvissu um framhald verkefna. Auka þarf verulega við fjármagn í rannsóknir og undirbúning jarðganga á Vestfjörðum þannig að svæði sem njóta eiga forgangs Vestfirðir, Austfirðir og Tröllaskagi standi hér jafnt að vígi.

Stofnvegir

Framkvæmd við Vestfjarðaveg 60 um Gufudalssveit er lengd til ársins 2027 en átti að vera lokið 2024, en þar er brúargerð í Djúpafirði og Gufufirði stærstu áfangarnir. Framkvæmd við veg um Dynjandisheiði er sömuleiðis framlengd um tvö ár og lýkur 2027 í stað 2025. Hinn langi aðdragandi að þessum verkefnum og áætlanir sem þá voru settar fram um kostnað standast ekki í dag. Það eru vonbrigði að ekki hefur tekist að mæta þessum kostnaðar breytingum og að lengt er í framkvæmdatíma með frestun

útboða. Gerð er krafa um að fjármagn til brúargerðar í Gufufirði og Djúpafirði verði aukið og framkvæmdum við þær verði lokið sumarið 2026.

Í framkvæmdaáætlun 2024-2028 né í langtímaáætlun er ekki gert ráð fyrir lokaáfangi Vestfjarðavegar 60 í Vatnsfirði. Ekki hefur fengin niðurstaða um hvort vegstæði feli í sér þverun Vatnstjarðar eða endurbyggðum vegi um Vatnsfjörð. Þessi biðstaða mun að óbreyttu leiða til ófremdarástands vegna aukinnar umferðar um Vestfjarðaveg 60 samhliða vegabótum og aukinnar umferðar um Barðastrandarveg 62 vegna eflingu atvinnulífs og samfélaga. Brýnt er því að tvöfalda einbreiðar brýr yfir Pennuá.

Meginhluti annarra verkefna sem tilgreind eru í á öðru tímabili (2025-2028, hefur verið seinkað um eitt framkvæmdatímabil 2028-2032. Í stofnvegum á Vestfjörðum eru það Bíldudalsvegur 63 úr Arnarfirði að Vestfjarðavegi 60 á Dynjandisheiði og vegkafla á Innstrandavegi, vegkaflar sem skipta samfélögin miklu.

Engin ný stofnvegaverkefni eru sett á áætlun á Vestfjörðum, en í stofnvegum eru það tveir veghlutar með óbundnu slitlagi á Innstrandarvegi 68. Mikilvægur hluti fyrir íbúa Strandabyggðar og hluti af Vestfjarðaleiðinni sem hefur upphaf við Bröttubrekku og endar við Staðarskála.

Allir aðrir stofnvegir á Vestfjörðum eru þá komnir með bundið slitlag, hinsvegar eru ýmsir vegkaflar sem telja má ónýta og þarf að endurnýja frá grunni enda sumir að nálgast 40 ár en áætlaður endingartími stofnvega er 20 – 25 ár.

Tengivegir

Nýframkvæmdum á tengivegum þ.e. Strandavegi 643, Veiðileysuháls er einnig frestað um hið sama og er nú frestað í þriðja sinn frá 2014. Umlhverfismati er nær lokið og áætlun um kostnað liggur fyrir. Samkvæmt markmiðum verkefnisins Áfram Árneshreppur sem er hluti af verkefnum í Brothættum byggðum, þá er framkvæmdin lykiltríði í uppbyggingu samfélagsins í Árneshreppi. Gerð er krafa um að verkefninu verði ekki frestað.

Einnig er gerð er krafa um að framkvæmdir við Örlygshafnarveg haldi áfram og reynt verði að ná samkomulagi um verkefnið

Jarðgangaáætlun

Því ber að fagna að gerð er tillaga í samgönguáætlun um fimm jarðgöng á Vestfjörðum í samræmi við stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum í jarðgangamálum, Álftafjarðargöng, Miklidalur og Hálfán í einni framkvæmd sem Suðurfjarðagöng og breikkun Breiðadalsleggjar, auk þess sem Klettháls er tekinn inn.

Fram kemur í samgönguáætlun að þörf fyrir jarðgöng sé brýnust á Vestfjörðum, Austfjörðum og á Tröllaskaga. Tekið er undir þessa áherslu samgönguáætlunar en slíkt hlýtur að kalla á jafnræði þessara svæða um framkvæmd. Hér er sett fram sú meginkrafa að unnið sé samhliða að gerð jarðgangna á öllum þessum svæðum.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti krefst þess að rannsóknir vegna jarðgangnaframkvæmda hefjist strax til að flýta fyrir að framkvæmdir geti hafist sem fyrst. Í framkvæmdaáætlun er gerð Fjarðarheiðargangna sett í framkvæmd og undirbúningur hefjist að gerð Hvalfjarðargangna, Siglufjarðargangna og jarðgangna á milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar. Gerð er krafa um að undirbúningur að jarðgangakostum á Vestfjörðum verði einnig hafin á framkvæmdaáætlunartíma. Einungis þannig er mögulegt að bera saman jarðgangakosti milli svæða og ákvarðanir um framkvæmd þeirra.

Önnur meginkrafta er að auka við fjármagn til jarðgangnaframkvæmda, framkvæmdatími þeirra 10 jarðgangakosta sem tilgreindir eru verði stytur úr 30 árum í 20 ár. Ella er það fjármagn sem lagt er til á hverju ári í raun hið sama og á síðustu 30 árum og því sést ekki sú áhersla sem Jarðgangnaáætlun er ætlað að sýna. Í annan stað er það ekki boðlegt að vegna umfangs einnar framkvæmdar (Fjarðarheiðargangna) takmarki upphaf annarra verkefna. Þeir fjallvegir og ofanflóðahlíðar sem jarðgöng eiga að leysa af á Vestfjörðum eru sumir því sem næst ónýtir og aðrir munu þarfnast heildarendurnýjunar innan fárra ára. Öryggi vegfarenda er nú þegar stefnt í hættu og með aukinni umferð eykst við þá áhættu sem tekin er.

Atvinnulíf og samfélög á Vestfjörðum sem eru á áhrifasvæði þessara jarðgangna, hefur verið að ná sér eftir langvarandi niðursveiflu og allar forsendur eru til staðar um aukin vöxt. Nefna má að um 3% af heildarútflutningsverðmæti landsins fer um eitt laxasláturhús á Bíldudal. Það er óásættanlegt að jarðgangnaframkvæmdir á Vestfjörðum teijist um 15 til 25 ár.

Vetrarþjónusta

Brýnt er að stóraukið fjármagn renni til vetrarþjónustu á næstu árum og að reglur um um vetrarþjónustu verði endurskoðaðar vegna breytinga í atvinnulífi á Vestfjörðum. Þetta brennur mest á þeim vegköflum sem jarðgöng eiga að leysa af en þar er samkvæmt samgönguáætlun að lágmarki 15 ár og til 25 ár í úrbætur.

Hér standa Vestfirðir mun verr en önnur svæði og eru þar fastir í úreltum viðmiðunarreglum frá 2012. Vísað er til umfjöllunar Vestfjarðastofu / Fjórðungssambands Vestfirðinga á síðustu þrem árum í Grænbók og Hvítbók Samgönguáætlunar, fjármálaáætlun og fjárlögum.

Flug

Litlar fjárveitingar eru til annarra innanlandsflugvalla en Akureyri, Egilsstaðir og Reykjavík sem fjármagnað er með varaflugvallargjaldi. Gerð er krafa um að það fjármagn sem áður var ætlað til þessara flugvalla sem innanlandaflugvalla renni til annarra áætlunarflugvalla, á Vestfjörðum eru það Bíldudalsflugvöllur, Ísafjarðarflugvöllur og Gjögurflugvöllur. Þessir flugvellir eru forsenda fyrir markmið samgönguáætlunar haldist um 3,5 tíma þjónustusókn til höfuðborgarsvæðis frá þeim svæðum sem þeir þjóna.

Sérstaka áherslu ber að leggja hér á flugleiðsögn og gervihnattarflugleiðsögn á vestari hluta landsins og flýta því verkefni.

Loftrúin hefur sannað sig í verki og mikilvægt að það verkefni verði eftl.

Flug frá höfuðborgarsvæði til Bíldudals og Gjögurs er styrktur á grundvelli útboða. Endurskoða verður ramma þessara útboða, á Bíldudal þarf auka við tíðni flugferða og fleiri sæti verði í boði með notkun stærri flugvéla en er í dag, á Gjögri þarf að auka tíðni flugferða m.t.t. ef seinkun verður á endurnýjun vegar um Veidileysuháls.

Gjaldtaka

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti er hlynnt gjaldtöku nýrra samgönguframkvæmda verði það til þess að hægt verði að flýta framkvæmdum á Vestfjörðum.

Viðhald vega

Þörf er á stórauðnu ljármagni til viðhalds vega umfram það sem er í drögum að samgönguáætlun þar sem það svarar ekki viðhaldsþörf á stofn og tengivegum. Forgangsröðun viðhaldsverkefna innan Vegagerðar þarfnast endurskoðunar, og nauðsynlegt er að mæta markmiðum um jákvæða byggðapróun og mikillar uppbyggingar í atvinnulífi.

Vitabyggingar

Öryggi siglinga varð að viðfangsefni í vinnu að strandsvæðaskipulagi, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir til viðkomandi stofnana var það mál ekki tekið upp fyrr en á miðju síðasta ári og starfshópur skilaði skýrslu í nóvember s.l.. Lögð var áhersla á að vinna yrði að málinu og það er því einkennilegt að í samgönguáætlun er ekki gert fyrir nýframkvæmdum þ.e. næstu 15 árin.

Tel að þetta þurfi endurskoðunar við, að lágmarki verði sagt að unnið sé áfram með málið á grundvelli skýrslunnar enda er matvælaráðuneytið að kynna nú drög að stefnumörkun lagareldis og horfa til næstu tveggja ára með nýja löggjöf. Þetta á ekki einungis við með eldiskvíar í sjó heldur einnig þörungarækt og aðra staðbundna starfsemi á strandsvæðinu.

Breiðafjarðarferjan

Brún þörf er að endurhanna hafnir fyrir siglingar ferjunnar Baldurs þar sem þörf verður fyrir ferjusiglingar yfir Breiðafjörð um ófyrirsjáanlega framtíð. .

Orkuskipti

Að mati sérfræðinga á sviði orkuskipta, þá er mun hraðari þróun í notkun rafknúinna flutningabíla heldur en þeirra sem nýta rafeldsneyti og þegar hafinn innflutningur slíkra bíla. Drægni þessara bíla í dag er frá 170 til 300 km og að teknu tilliti til vegalengda á Vestfjörðum þá er ljóst að það þarf að byggja upp afhendingarstaði innan Vestfjarða til að þjóna þessum flutningum, einnig mun veðurfar og færð á vegum hafa hér áhrif. Samgönguáætlun þarf að taka mið af þessari þróun og leita samráðs við Landsnet varðandi flutningskerfi raforku og við dreifiveitur, þannig að samhæfa megi uppbyggingu raforkukerfis og samgöngukerfis og aðlagð nýjum þörfum og samkeppnisstaða Vestfjarða í þessum efnum verði tryggð.

Hafnamál

Brýnt er að auka fjármagn til Hafnabótasjóðs þar sem fyrirsjáanleg er aukin umferð og orkuskipti og því mikil þörf fyrir endurbætur og nýframkvæmdir í höfnum Vestfjarða.

Reiðhjólavegir

Reiðhjólamennska er vaxandi afþreying fyrir íbúa og ferðmenn sem sækja til Íslands. Vegakerfið á Vestfjörðum er mjög fjölbreytt og er mjög vaxandi áhugi fyrir styttri og lengri hjólaferðum og eins hjólakeppnum. Ásókn er í að fara um þá vegi sem hafa verið aflagðir á Vestfjörðum og er hér lagt til að þessir vegir verði hluti af uppbyggingu reiðhjólavega. Sérstaklega verði skoðað að viðhalda brúm sem eru á aflögðum vegum, en nýlegt dæmi um að áhugaverð hjólaleið er ófær sökum þess að brú var brotin niður.

Ályktun um jarðgöng á Vestfjörðum.

Ályktun um jarðgöng á Vestfjörðum

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið í Bolungarvík 6.-7. október 2023, ályktar að unnið skuli samhliða að undirbúningi og hönnun bæði Álftafjarðarganga og Suðurfjarðarganga á fyrsta áfanga nýrrar samgönguáætlunar og að framkvæmdir verði hafnar strax að hönnun lokinni. 68. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið í Bolungarvík 6.7. október 2023 ályktar að haldið verði þing um jarðgöng og fjármögnun stórframkvæmda þar sem forsendur uppröðunar jarðgangakosta og leiðir til fjármögnunar stórframkvæmda í vegagerð verði ræddar.

Greinargerð: Jarðgangaáætlun Vestfjarða.

Úr umsögn varðandi Frumvarp til fjárlaga 2024

Í umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga um frumvarp til fjárlaga 2024 eru ályktanir Fjórðungsþings Vestfirðinga tengd markmiðum fjárlagafrumvarpsins um málavíðið samgöngumál. Þessi framsetning er kynnt umhverfis- og samgöngunefnd til að ná fram samþættingu í umfjöllun markmiða samgönguáætlunar og umfjöllun fjárlaga og fjármálaáætlunar.

Leggur Fjórðungssamband Vestfirðinga áherslu á tvö atriði verði tekin upp í fjárlögum 2024;

- Aukið fjármagn verði sett til vetrarþjónustu og viðhalds vega
- Aukið fjármagn til rannsókna og hönnunar jarðgangakosta á Vestfjörðum

Málavíði 11 Samgöngu og fjarskiptamál.

11.10. Samgöngur. Ályktun um vanfjármögnun framkvæmda, samkeppnisstöðu og gjaldtöku. 68. Fjórðungsþing Vestfirðinga sendir frá ályktun um samgöngumál ásamt ítarlegri greinargerð. Víkið verður að efni greinargerðar í umfjöllun um markmið málavíðisins, en ályktunin er sem hér segir.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið í Bolungarvík 6. og 7. október 2023 bendir á að markmið sjórvalda í samgöngumálum eru jákvæð en verulega varjárnögnuð. Þingið beinir því til yfirvalda samgöngumála að skoðaðar verði nýjar járnögnunarleiðir til að jafna samkeppnisstöðu Vestfjarða í samgöngumálum.

Fjórðungsþing beinir því til sjórvalda að auka þegar á árinu 2023 járnögn til vetrarþjónustu og viðhalds vega á Vestfjörðum til að bæta ásýnd Vestfjarða til búsetu, jafnfestinga og heimsókna.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti er hlynnt gjaldtöku nýrra samgönguframkvæmda verði það til þess að hægt verði að flýta framkvæmdum á Vestfjörðum.

Hér er vísað til að í Samgönguáætlun 2020 til 2024 var sett að markmiði að fá nýtt fjármagn í gegnum samvinnuverkefni ríkis og einkaaðila. Myndi það flýta framkvæmdum auk þess sem að minnka þörf á framlögum úr ríkissjóði og skapa þannig aukið fjármagn til annarra framkvæmda.

Samvinnuverkefni hafa ekki gengið eftir nema með einni undantekningu þ.e. Ölfusárbrú. Þörf fyrir fjármagn til samgönguverkefna er því mun hærra gert var ráð fyrir í Samgönguáætlun 2020-2024. Þessari stöðu þarf að mæta og auka við fjármagn í fjárlögum 2024 umfram þá 2,3 ma sem tillaga er um (raunhækkun) til að verkefni geti staðist áætlun enda er á tekjuhlíð gert ráð fyrir auknum tekjum af umferð.

Brýnt er síðan að auka fjármagn til Hafnabótasjóðs þar sem fyrirsjáanleg er aukin umferð vegna aukinna umsvifa og orkuskipta í sjávarútvegi, fiskeldi og ferðaþjónustu. Því mikil þörf fyrir endurbætur og nýframkvæmdir í höfnum Vestfjarða.

Hér er síðan farið nánar með ályktanir Fjórðungsþings og þær settar í samhengi við tilgreind markmið málsviðsins samgöngur, í frumvarpi til fjárlaga 2024.

Markmið 1. Greiðar samgöngur. Nauðsyn jarðgangaf framkvæmda á Vestfjörðum og viðhald vega.

Því ber að fagna að gerð er tillaga í samgönguáætlun um fimm jarðgöng á Vestfjörðum í samræmi við stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum í jarðgangamálum, Álftafjarðargöng, Miklidalur og Hálfán í einni framkvæmd sem Suðurjarðargöng og breikkun Breiðadalsleggjar, auk þess sem Klettháls er tekinn inn sem jarðgangakostur.

Fram kemur í samgönguáætlun að þörf fyrir jarðgöng sé brýnust á Vestfjörðum, Austfjörðum og á Tröllaskaga. Tekið er undir þessa áherslu samgönguáætlunar en slíkt hlýtur að kalla á jafnræði þessara svæða um framkvæmd. Hér er sett fram sú meginkrafa að unnið sé samhliða að gerð jarðgangna á öllum þessum svæðum og segir í ályktun 68. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti krefst þess að rannsóknir vegna jarðgangaframkvæmda hefjist strax til að flýta fyrir að framkvæmdir geti hafist sem fyrst.

Í frumvarpi til fjárlaga 2024 er tillaga um að veita fjármagn til framkvæmda Fjarðarheiðagangna og undirbúningur hefjist að gerð Hvaðfjarðargangna, Sighvafjarðargangna og jarðgangna á milli Dalvíkur og Ólafsvíkjardar.

Gerð er krafa um að undirbúningur að jarðgangakostum á Vestfjörðum verði einnig hafin á framkvæmdaáætlunartíma. Einungis þannig er mögulegt að bera saman jarðgangakosti milli svæða og ákvarðanir um framkvæmd þeirra. Þess er því krafist að aukin framlög verði sett til rannsókna á jarðgangakostum í fjárlögum 2024.

Viðhald vega / viðhaldsskuld.

Sett er að markmiði í að auka viðhald vega til að mæta auknum umferðarþunga og aukið fjármagn 3,6 ma er tillaga fjárfrumvarps fyrir 2024 til þess markmiðs. Hér er einnig sá vandi að burðarlag vega endist í ákveðin tíma en aukin umferðarþungi hraðar endurnýjunarþörf. Mikið átak var í stofn og tengivegagerð fyrir 20 til 30 árum síðan og nú eru þessir vegir allir að koma á endurnýjunartíma. Viðhaldsþörf er því meiri og verði ekki að gert þá er hætta á að vegir eyðileggist og þá er mun dýrara að leggja þá upp á nýtt í stað þess að endurnýja burðar og slitlag. Hér er því uppsöfnuð viðhaldsskuld sem ekki er gerð nægjanleg skil í fjárlögum, fjármálastefnu eða fjármálaáætlun.

Ljóst er að þörf er á stóru auknu fjármagni til viðhalds vega umfram það sem er í þingsályktun að samgönguáætlun þar sem það svarar ekki viðhaldsþörf á stofn og tengivegum. Forgangsröðun viðhaldsverkefna innan Vegagerðar þarfnast endurskoðunar og nauðsynlegt er að mæta markmiðum um jákvæða byggðapróun og mikillar uppbyggingar í atvinnulífi.

Markmið 2 Öruggar samgöngur. Mikilvægi innanlandsflugs og úrbætur í flugleiðsögn.

Innanlandsflug.

Litlar fjárveitingar eru til annarra innanlandsflugvalla en Akureyri, Egilsstaðir og Reykjavík sem verða fjármagnaðir með varaflugvallargjaldi. Gerð er krafa um að það fjármagn sem áður var ætlað til þessara flugvalla sem innanlandaflugvalla renni til annarra áætlunarflugvalla í landinu, en á Vestfjörðum eru það Bíldudalsflugvöllur, Ísafjarðarflugvöllur og Gjögurflugvöllur. Þessir flugvellir eru forsenda fyrir markmið samgönguáætlunar haldist um 3,5 tíma þjónustusókn til höfuðborgarsvæðis frá þeim svæðum sem þeir þjóna.

Sérstaka áherslu ber síðan að leggja hér á flugleiðsögn og gervihnattarflugleiðsögn á vestari hluta landsins og flýta því verkefni.

Loftbrúin hefur sannað sig í verki og mikilvægt að það verkefni verði eft. Fagna ber einnig markmiði um endurbyggingu flugstöðvar á Reykjavíkflugvelli.

Að lokum er gerð er athugasemd við framsetningu hugtaka. Hugtakið „minni lendingarstaðir“ í texta frumvarpsins er ekki til í Samgönguáætlun, en þar tilgreindir 13 flugvellir í grunnneti samgangna í landinu sem þjóna áætlunarflugi en síðan eru fjöldi lendingarstaða. Virðist sem þessar skilgreiningar eða hugtök hafi verið blandað saman. Þetta þarf að vera ljóst gagnvart þjónustusamningi við ISAVIA hver sé áherslan gagnvart grunnneti og svo aðra lendingastaði.

Markmið 1 Greiðar samgöngur. Efling vetrarþjónustu og **Markmið 2, Öruggar samgöngur.** Um öryggi siglinga.

Vetrarþjónusta.

Hér er ítrekuð beiðni Fjórðungssambands frá síðustu árum, um að aukið fjármagn verði á fjárlögum 2024 í vetrarþjónustu. Endurskoðun á fyrirkomulagi vetrarþjónustu er hafin, en tæplega er að vænta niðurstaðna sem nýta mætti við fjárlagagerð 2024, en þá vonandi í fjármálastefnu og fjármálaáætlun og fjárlögum 2025. Hafa ber í huga að núverandi viðmið vetrarþjónustu ná allt til ársins 2012 og með reglugerð 44/ 2018 og þarfnast verulegra endurskoðunar..


Málið er hinsvegar mjög brýnt hvað varðar Vestfirði m.t.t. vaxandi umferðar vegna eflingar atvinnulífs og samfélaga. Það eru mikil vonbrigði að ekki er gert ráð fyrir að aukið fjármagn renni til vetrarþjónustu á næstu árum. Þetta brennur ekki síst á þeim vegköflum sem jarðgöng eiga að leysa af síðar meir, en að óbreyttu mun vera bið eftir jarðgöngum að lágmarki 15 ár og eða allt að 25 ár. Það er ekki í boði að samþykkja að engin þjónustuaukning verði allan þennan tíma, hvorki fyrir atvinnulíf eða samfélag.

Í umsögn Fjórðungssambands um fjármálaáætlun 2024-2028 er tilgreint að vetrarþjónustan hefur nú ár eftir ár verið vanáætluð og telst því rekin með tapi, sem er skilgreining svo á skjön í landi með jafn óstöðugt veðurfar, fjölda fjallvega og ofanflóðahlíðar.

Eftir upplýsingum Vegagerðarinnar þá er fjárhagsrammi vetrarþjónustu í dag um 3,6 ma en útgönguspá fyrir árið 2023 er metin 4,6 mkr, en þá einungis að til að ná að viðhalda þjónustu sem skilgreind er í dag og svarar ekki þjónustuhörf. Varað er einnig við að aðhaldskrafa fjárlagafrumvarpsins gangi á vetrarþjónustu almennt.

Misræmi er í þjónustu með tilliti til náttúrulegra aðstæðna, fjallvegir á Vestfjörðum eru með lægri snjólínu, meiri úrkomu og illviðrasamari en flestir aðrir fjallvegir sem þjóna atvinnusvæðum í landinu. Hér lokast fjallvegir fyrr eftir að þjónustu er hætt, en á öðrum atvinnusvæðum haldast vegir yfirleitt opnir mun lengur eftir að þjónustu líkur og veður sé skaplegt. Ofanflóðahætta með óvissustigi eða lokunum er síðan staðan með vegi sem liggja um slík svæði og til að auka öryggi vegfarenda er aukin áhersla á lokanir ef óvissustig er uppi.

Hér er yfirlit um lokanir vega á Vestfjörðum 2018 - 2021, alls eru hér um **1.285 tilvik eða 430** tilvik á ári en ef horft er til fimm mánaða tímabils þá eru **86** tilvik í mánuði eða 3 á dag. Tilvikin eru fleiri því ekki voru skráð tilvik á Dynjandisheiði og Veiðileysuhálsi fyrr en 2020 og voru þeir eiginlega lokaðir í þrjá til fjóra mánuði.



Hér er yfirlit um eðli atvika hverju sinni og áhrif þessara tilvika á flæði umferðar innan atvinnusvæða og mynda flöskuhálsa innan sama sveitarfélags eða innan atvinnusvæða. Óveður og flugháлка (gögn frá 2020 og 2021) einkenna tilvik á sunnanverðum Vestfjörðum¹. Lokanir og óvissustig vegna ofanflóðahættu á Súðavíkurhlíð og Flateyrarvegi einkenna norðanverða Vestfirði auk óveðurs á Gemlufallsheiði. Lokanir vegna óveðurs og stórhriðar á Steingrímsfjarðarheiði og Þröskuldum einkenna Strandir og Reykhólahrepp.

Í annan stað er hér yfirlit um þjónustutíma á fjallvegum á landinu sjá mynd, þar sem þjónusta er alla daga (utan Fróðárheiðar en þar ekki þjónusta á laugardögum) og má einnig benda mun skertari þjónustutíma á Kletthálsi og Steingrímsfjarðarheiði miðað við aðra landshluta. Ítrekað er að hér er ekki verið að mæta gjörbreyttum aðstæðum á atvinnusvæði á sunnanverðum Vestfjörðum en ætti vera líkt á norðanverðum Vestfjörðum og í Múlaþingi og Fjarðarbyggð.

¹ Tilvik á Raknadalshlíð voru ekki vöktuð á tilgreindu tímabili en þar eru tilvik um ofanflóð.

Opið virka daga fjöldi klst.	Opið um helgar - fjöldi klst.	Vinnusóknar- svæði Byggðastofnunar	Veg nr	Þjónustu-flokkur	Opið virka daga		Opið um helgar		Fjöldi bíla (meðaltal des - mars)	Staðsetning vegar (Fjallvegir/hálsar)
7,5	6	5 Sunnanverðir Vestfirðir	60	3	10:00	17:30	11:30	17:30	50	Klettháls
8	5,5	7 Strandir - Inndjúp	61	3	11:00	19:00	12:30	18:00	125	Steingrímsfjarðarheiði
9,5	7,5	4 Reykhólahreppur	60	3	08:00	17:30	09:30	17:00	75	Hjallaháls, Ódrjúgsháls
10,5	8,5	3 Snæfellsnes	54	3	08:00	18:30	09:30	18:00	125	Fróðarheiði
10,5	8	20 Múlaþing - Þingeyjarsýslur	1	3	09:00	19:30	10:30	18:30	175	S-Hárekstaðarleið
10,5	8	18 Vopnafjörður	85	3	09:00	19:30	10:30	18:30	50	Vopnafjarðarheiði
11,5	12,5	2 Dalir	60	3	08:00	19:30	08:30	21:00	350	Brattabrekka
11,5	9,5	3 Snæfellsnes	56	3	08:00	19:30	09:30	19:00	375	Vatnaleið
11,5	9,5	4 Reykhólar - Dalir	60	3	08:00	19:30	09:30	19:00	250	Svinadalur
11,5	9,5	4 Strandir - Reykhólarhr	61	3	08:00	19:30	09:30	19:00	175	Þröskuldur
11,5	8	13 Þingeyjarsýslur - Múlaþing	1	3	08:00	19:30	10:30	18:30	150	N-Hárekstaðarleið
12	10,5	5 Sunnanverðir Vestfirðir	62	3	08:00	20:00	09:30	20:00	100	Kleifaheiði
12	10	10 Skagafjörður	744	3	07:30	19:30	09:00	19:00	350	Þverárfjall
12,5	11	5 Sunnanverðir Vestfirðir	63	3	07:30	20:00	09:00	20:00	275	Miklidalur / Hálfán (175 bílar)
12,5	10,5	17 Þórshöfn - Raufarhöfn	85	3	07:30	20:00	09:00	19:30	50	Hófaskarð
12,5	10,5	18 Þórshöfn - Vopnafjörður (Bakkafjörður)	85	3	07:30	20:00	08:30	19:00	50	Sandvíkurheiði
12,75	10,5	6 Norðanverðir Vestfirðir	60	3	07:25	20:00	09:00	19:30	150	Gemlufallsheiði
13,5	12,5	2 Borgafjörður	1	2	08:00	21:30	08:30	21:00	850	Holtavörðuheði
13,5	13	12 Eyjafjörður - Skagafjörður	1	2	08:00	21:30	08:30	21:30	800	Öxnadalshéiði
15,5	14,5	20 Hérað - Seyðisfjörður	93	2	06:30	22:00	07:00	21:30	250	Fjarðarheiði
15,5	14,5	21 Fjarðabyggð - Múlaþing	1	2	06:30	22:00	07:00	21:30	925	Fagrdalur

Mynd. Þjónustutími vetrarþjónustu á fjallvegum 2023-2024 innan og eða milli vinnusóknarsvæða

Telja verður fullt tilefni til og auka verði jafnræði fyrir landsbyggðirnar, að settur verði sérstakur starfshópur um málefnið líkt og brugðist var við með það ástand sem skapaðist á Reykjanesbraut í vetur. En skýrsla þess starfhóps um Reykjanesbraut er nú orðin að stefnuskjali fyrir í tillögu til þingsályktunar Samgönguáætlunar 2024-2038.

Fyrirkomulag fjárveitinga til vetrarþjónustu síðan meingallað en það getur ekki mætt sveiflum í veðurfari og eins eru fjárveitingar settar undir almenna hagræðingarkröfu fjárlaga hverju sinni. Fyrir vikið höktir vetrarþjónustan ef langvarandi óveðurskaflar ganga yfir, má einnig hér fullyrða að kostnaður samfélaga og atvinnulífs sé langtum meiri en áætlaður sparnaður í rekstri málaflokksins. Slíkt væri hægt að skoða nánar með vinnu sértæks starfshóps um vetrarþjónustu.

Endurbætur á vegakerfi á jöfnum höndum kalla eftir breytingum á vetrarþjónustu. Festa verður í sessi og skapa færi á að auka við síðustu viðbætur í þjónustunni er varðar Dynjandisheiði og Veiðileysuháls. Aukið var við þjónusta á þessum fjallvegum fyrir þrem árum síðan, en hún samt enn tilgreind sem tilraunaverkefni og fellur undir „taprekstur“ þjónustunnar. Hér er skýrt dæmi að auka þarf við fjármagn og svæði sem þessir fjallvegir tengja njóti jafnræðis við aðra hluta landsins.

Vegagerðin vinnur nú að endurskoðun vetrarþjónustu samkvæmt beiðni innviðaráðuneytis. Hér með óskað að fjárlaganefnd kanni stöðu þess verkefnis og samhliða verði tekin til skoðunar núverandi framkvæmd fjárveitinga til vetrarþjónustu og auki fjármagn á árinu 2024 og í fjáraukafrumvarpi 2023 til að leiðrétta mismun fjárveitingar og raun útgjöldum.

Öryggi siglinga

Öryggi siglinga varð að viðfangsefni í vinnu að strandsvæðaskipulagi, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir til viðkomandi stofnana var það mál ekki tekið upp fyrr en á miðju síðasta ári. Starfshópur INR skilaði skýrslu í nóvember s.l., lögð var áhersla á að vinna yrði að málinu og en fjármagn er ekki sérstaklega merkt verkefninu m.a. í tillögu að Samgönguáætlun.

Í Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða eru settar fram áherslur um öryggi siglinga á strandsvæðinu með tilliti til nýrrar starfsemi. Úttekt á öryggi siglinga á grundvelli ábendinga strandsvæðaskipulagsins er í vinnslu og matvælaráðherra hefur lagt fram stefnu í Lagareldi sem fylgja þarf eftir. Hér er lögð áhersla á að fjárveitingar til Vegagerðar og Samgöngustofu tryggi að verkefnið geti gengið fram á árinu 2024.

Markmið 3 Hagkvæmar samgöngur um gjalddöku í samgöngum.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti er hlynnt gjalddöku nýrra samgönguframkvæmda verði það til þess að hægt verði að flýta framkvæmdum á Vestfjörðum.

Hafa ber samt í huga að gjaldtaka er sjálfkrafa aukið álag samfélag og atvinnulíf á Vestfjörðum og rýrir búsetu þar nema að íbúar fái þá sértækt aðgengi enda er ekki um neinar hjáleidir í boði. Landshlutum er í raun mismunað ef horft er til framtíðar t.d. þjónustuaðili í Bolungarvík sem sinnir þjónustu á Patreksfirði og öfugt mun aka um 5 jarðgöng ca 27 km af 150 km, en þjónustuaðili í Hveragerði ekur 2+1 veg til Víkur í Mýrdal 150 km án sértæks gjalds (sleppi viðkomandi að aka um nýja brú á Ölfusá).

Viðauki

- Jarðgangaáætlun Vestfjarða
https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/jardgangaaetlun_2021_lokaskjal-1-.pdf
- Samfélagsgreining jarðgangna á Vestfjörðum
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/2022/jardgong-a-vestfjordum-lokaskjal-1.1.pdf>
- Viðhorfskönnun gagnvart fiskeldi og samgöngum.
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Fiskeldi/vidhorfskonnun-samanburdur-2020-2022-um-fiskeldi-og-samgongur.pdf>
- Umsögn drög að samgönguáætlun 2024-2038
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Umsagnir/umsogn-samradsgatt-vfs-og-fv-tillaga-ad-samgonguaetlun-2024-2038.pdf>
- Umsögn, Hvítbók um samgöngumál
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/Umsagnir/hvitbok-um-samgongumal-s-66-2023.pdf>
- Umsögn, Grænbók um samgöngumál
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Umsagnir/2021/graenbok-um-samgongumal-s-142-2021.pdf>